

Föstudaginn 17. marz 1950.

Nr. 7/1949. **Hraðfrystihúsið Ísbjörninn h/f**
 (Eggert Claessen hrl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Vörubílstjórafélagsins Þróttar
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 19. apríl f. á., af Hraðfrystihúsinu Ísbjörninn h/f í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. apríl f. á. hóf vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík verkfall í því skyni að fá nýja samninga við Vinnuveitendasamband Íslands, en samningar milli þessara aðilja höfðu þá runnið út fyrir uppsögn. Hraðfrystihúsið Ísbjörninn h/f í Reykjavík, sem ekki er í Vinnuveitendasambandi Íslands, starfrækir, eins og nafnið bendir til, hraðfrystihús. Frystir það bæði fisk, sem það á sjálft, og tekur jafnframt fisk til geymslu af öðrum aðiljum. Þegar hraðfrystur fiskur, sem er í vörzlum þess, er sendur til útlanda, annast frystihúsið flutning á þeim fiski til skips og notar að jafnaði til þeirra flutninga bifreið, sem hlutafélagið sjálft á og aðra, sem framkvæmdastjóri þess á, svo og leigubifreiðar eftir því sem þörf krefur. Hinn 11. apríl f. á. var stefnandi að flytja hraðfrystan fisk úr frystihúsi sínu að skipshlið og notaði til þess framangreinda bifreið sína og framkvæmdastjórans. Bílstjórar þeir, sem óku bifreiðum þessum, voru fastir starfsmenn félagsins og munu hafa verið félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún. Það félag hafði lýst yfir samúðarverkfalli með vörubílstjórafélaginu Þrótti, að því er varðaði flutninga til Keflavíkurflugvallar, en ekki er vitað, að það hafi lýst yfir

neinu samúðarverkfalli að því er snerti akstur þann, er hér fór fram.

Er framangreindir bifreiðarstjórar stefnanda komu með annað bílhlass sitt að skipshlið eftir hádegi nefndan dag, kveða þeir, að formaður Þróttar, Friðleifur Friðleifsson, hafi komið á vettvang og bannað þeim, að halda áfram akstrinum, þar sem þeir væru með því komnir inn á verksvið Þróttar. Hættu þá bifreiðastjórararnir akstrinum, og útskipun á fiski frá hraðfrystihúsi stefnanda stöðvaðist.

Stefnandi telur, að umrædd útskipun hafi stöðvazt vegna valdboðs formanns Þróttar, en það hafi verið löglaut með öllu. Eru dómkröfur stefnanda í máli þessu þær, að framangreint framferði Þróttar verði dæmt lögbrot, þ. e. samkvæmt munnlegum málflutningi hans, brot á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, og stefndi dæmdur bótaskyldur gagnvart stefnanda á öllu því tjóni, sem af nefndri stöðvun hlaut. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að engin valdbeiting hafi átt sér stað í umrætt skipti af hálfu formanns Þróttar eða annarra fyrirsvarsmanna þess gagnvart bifreiðarstjórum þeim, er óku fiski frá frystihúsi stefnanda umræddan dag. Formaður Þróttar hafi að vísu komið á vettvang í umrætt skipti og beðið bifreiðarstjórana að aka ekki meðan athugað væri, hver ætti fiskinn, sem verið væri að flytja til skips, en hann hafi hvorki beitt hótunum né valdi gagnvart bifreiðarstjórunum, og ekki á nokkurn hátt brotið ákvæði fyrrnefndra laga nr. 80/1938, né annarra laga. Hér hafi engin sú vinnustöðvun átt sér stað, að varði við ákvæði greindra laga, og stefndi því ekki bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnanda vegna stöðvunar þeirrar, er varð á útskipun hraðfrysts fisks umræddan dag.

Samkvæmt því, er að framan greinir, er stefndi, sem stofnað hafði til verkfalls með löglegum hætti 1. apríl f. á. sakaður um það, að hafa orðið þess valdur hinn 11. s. m., með hótun eða óbeinni valdbeitingu, að tveir félagsmenn úr öðru verk-

lýðsfélagi hættu venjulegri vinnu sinni, án þess að það félag hefði gert eða boðað samúðarverkföll í þeirri vinnu.

Þesskonar stöðvun vinnu fellur hvorki undir sérákvæði II. kafla laga nr. 80 frá 1938, sem fjallar um verkföll og verkbönn, né heldur verður hún talin brjóta í bág við önnur ákvæði sömu laga.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. nefndra laga á Félagsdómur aðeins að dæma í málum, sem rísa út af kæru um brot á þeim lögum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmetra vinnustöðv-ana, en telja verður að þar sé átt við verkföll og verkbönn samkvæmt II. kafla laganna. Hér fyrir dómi verður því ekki skor-
ið úr um það, hvort stefndi kann, í sambandi við þá stöðvun á útskipun hraðfrysts fisks, sem um ræðir í máli þessu, að hafa gerzt sekur um athafnir, sem taldar yrðu ólögmetar vegna ákvæða annara laga og með þeim hætti orðið skaða-
bótaskyldur gagnvart stefnanda.

Smkvæmt þessari niðurstöðu ber að vísa málinu frá dómi ex officio, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.